

eftir orðunum: í Þingvallahreppi mánudaginn í 22. viku sumars: í Laugardalshreppi í Laugarvatnsrjett þriðjudaginn og í Grímsnesi í Klausturhólarjett miðvikudaginn. Síðan heldur 18. 11. júní gr. reglugjörðarinnar áfram óbreytt frá og með orðunum í Selvogshreppi o. s. frv.

4. gr.

Inn í byrjun 28. gr. reglugjörðarinnar bætist orðið Laugardals inn á milli orðanna Grímsness- og þingvallahreppum.

5. gr.

Breytingarnar frá 20. maí 1919 á 31. gr. reglugjörðarinnar falli niður, en í nefndri 31. gr. komi svofeldar breytingar: á eftir orðunum Grafnings, Þingvalla komi: Laugardals, Grímsness; en í burtu falli setningin: En úr Grímsness í byggð.

6. gr.

Niðurlagssetning 34. gr. Af óskilafjárverði o. s. frv. falli niður.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Arnessýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt 71, gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1920.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 11. júní 1920.

Í fjarveru ráðherrans.

Þoddur Þeymannsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Þorkels Guðmundssonar«. **50**
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 12. júní 1920. Skipu- 12. júní
lagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð Þorkels Guðmundssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Minningarsjóður Þorkels Guðmundssonar« og er hann stofnaður til minningar um Þorkel Guðmundsson, bónda á Valdastöðum í Kjósarhreppi, er andaðist 23. nóv. 1918, af foreldrum hans og systkinum með upphæð, er nemur kr. 400,00 — fjögur hundruð kr. —

12. júní

Aðaltilgangur sjóðsins er að styrkja fátækar ekkjur í Kjósarhreppi.

3. gr.

Sjóðurinn skal geymdur á tryggum stað eða stöðum undir umsjón sóknarnefndar Reynivalla-sóknar og sóknarprestsins í Reynivallaprestakalli, er hafa heimild til að lána úr sjóðnum innanhrepps gegn tryggu veði eða ábyrgð með hagkvæmum lánskjörum til hverskonar framfara fyrirtækja í hreppnum.

4. gr.

Þegar árlegir vextir sjóðsins eru orðnir kr. 200,00 — tvö hundruð kr. — tekur sjóðurinn til starfa samkvæmt aðaltilgangi sínum. Úthlutar þá sóknarnefnd ásamt sóknarpresti fyrst um sinn $\frac{3}{4}$ vaxta til ekkna þeirra, sem dvöl og heimili eiga í hreppnum, og nefndinni þykir þörf að styrkja. Þær ekkjur, sem flytja inn í hreppinn, ber að styrkja samkvæmt framanskriáðu, er þær hafa dvalið 3 ár í hreppnum. Giftist ekkjæ eða taki saman við mann og búi þau saman líkt og gift væri, missir hún rjett til styrksins. Nefndin mismunar styrks úthlutun eftir efnun og ástæðum ekknanna.

Þegar $\frac{3}{4}$ vaxtauna eru orðnir það mikil fjárupphæð, að nefndin telur ekki þörf á að úthluta þeim öllum til ekkna þeirra, sem styrkþurfar teljast, ræður hún, hve miklu hún úthlutar.

Ekki þarf að sækja um styrk úr sjóði þessum.

Fje það, sem sjóðnum gefst, — nema gefandi setji önnur skilyrði, — legst við höf-uðstólinn og $\frac{1}{4}$ árlegra vaxta, að frádregnum öllum árlegum kostnaði við sjóðinn.

5. gr.

Sjóðurinn gefur út minningarspjöld, sem afhendast þeim, er gefa sjóðnum gjafir til minningar um látna vini. Halda skal bók yfir nöfn gefenda og þá látna vini, er þeir þannig minnast.

6. gr.

Sóknarnefndin ásamt sóknarpresti semur við hver árslok reikning yfir tekjur og gjöld og efnahag sjóðsins á liðnu ári, ásamt árlegri skýrslu um starf hans, er þar að kemur. Leggja ast reikningar þessir endurskoðaðir fyrir hreppsnefnd Kjósarhrepps til úrskurðar og samþykkis.

7. gr.

Verði starf við þennan sjóð svo mikið, að sóknarnefnd ásamt sóknarpresti telji sjer ofvaxið endurgjaldslaust, getur hún bæði ráðið sjer aðstoðarstarfsmenn og gert honum reikning fyrir starfi sínu.

8. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn það stór, að hann geti meir en fullnægt aðaltilgangi sínum. skal hann, þegar hann telst fær til þess, styrkja fátæka, unga og gáfaða mena, uppvauna í

Kjósarhreppi, til þeirra mentunar, er hugur þeirra og hæfileikar stefna að. Um þann styrk þarf að sækja og dæmir sóknarnefnd, ásamt sóknarpresti um, hvort umsækjandi er styrksins verður og ákveður styrksupphæðina eftir atvikum. 50
12. júní

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Valdastöðum 1. janúar 1920.

Guðm. Sveinbjarnarson, Katrín Jakobsdóttir, Þorgils Guðmundsson,
Steini Guðmundsson, Þorbergur Guðmundsson, Benidikt Einarsson,
Halldóra Guðmundsdóttir, Sveinbjörn Guðmundsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Tryggvasjóð«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 12. júní 1920.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

51
12. júní

fyrir »Tryggvasjóð«,

er Tryggvi Gunnarsson fyrir. bankastjóri gaf Dýraverndunarfjelagi Íslands með arfleiðsluskrá dags. 17. apríl 1917.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Tryggvasjóður.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er að upphæð kr. 51533,27 — fimmtíu og eitt þúsund fimm hundruð þrjátíu og þrjár krónur tuttugu og sjö aurar, samkvæmt skiftagjörð í dánarbúi gefanda, dags. 30. des. 1919 og áritun skiftaráðanda, dags. 11. mars 1920, á útskrift af skiftunum og er fólgid í þessum eignum:

1. Skuldabrfef Emil Rokstads	...	kr. 3000 00
2. Hlutabrfef í h.f. Lögrjetta	...	— 300 00
3. Hlutabrfef í h.f. Bræðratungu	...	— 500 00
4. Tvö skuldabrfef Reykjavíkur kaupstaðar nr. 54 og 55, hvort að upphæð 100 kr.	...	— 200 00
5. Veðdeildarbrfef Landsbankans:		
a. 2. fl. Ltr. B nr. 198	...	kr. 500 00
b. 3. fl. Ltr. C nr. 1018	...	— 100 00